

Ed.

346. Breytingartillaga

[83. mál]

við frv. til l. um lax- og silungsveiði.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Við 19. gr. í stað 1. másl. 1. töluliðar komi:

Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 60 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Friðunartíma þennan má lengja í 84 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags, ef til er, hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að ræða á viðkomandi veiðisvæði.